



Starfsáætlun Álfasteins 2010



Hafnarfjörður 1. des.2010
Inga Líndal leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Hlutverk Álfasteins	5
Stefnukort Álfasteins	6
Skýringar á stefnukorti Álfasteins	7
Verkefnaáætlun	10
Mælikvarðar og viðmið.....	11
Endurmat símenntunaráætlunar skólaárið 2009.....	12
Helstu áherslur og markmið skólaárið 2010	13
Símenntuntun	15
Endurmat.....	17
Rýmingaráætlun Álfasteins.....	18
Viðbragðsáætlun ef slys verða á Álfasteini	19
Foreldrasamstarf	<u>20</u>

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla (90/2008) ber leikskólastjóra að gefa árlega út sérstaka starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfsemi skólans. Skýrsla þessi inniheldur starfsáætlun leikskólans Álfasteins skólaárið 2011 frá janúar til desember. Þó ber að geta þess að símenntun starfsmanna tekur mið af skólaárinu ágúst til ágúst ár hvert. Starfsáætlunin er hugsuð sem aðgengilegur og skýr leiðarvísir á starfi leikskólans.

Hafnarfjarðarbær og leikskólinn Álfasteinn gerðu með sér samning um árangursstjórnun og í kjölfarið tók ársáætlunin töluverðum breytingum þar sem ýmsar nýjungar og mælikvarðar voru teknir inn samfara ákveðinni fyrirmynd um árangurstjórnun.

Starfsáætlunin hefur að geyma stefnukort sem byggir á meginstefnu leikskólans og skiptist í þjónustu, ferli, mannauð og fjármál. Einnig er að finna mælikvarða og viðmið, verkefnaáætlun, símenntun, slysa, rýmingaráætlun og foreldrasamstarf.

Til að ná settum markmiðum aðalnámskrár leikskóla horfir leikskólinn Álfasteinn til Framfararstefnu heimspekingsins John Dewey. Í þeirri stefnu er megináhersla lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Þetta er gert með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir. Álfasteinn hefur frá upphafi lagt áherslu á skipulagða vinnu með einingakubba, þar sem allir námsþættir fléttast inn í þá vinnu. Í dag er leikskólinn forystuskóli í verkefninu **Einingakubbar til náms og þroska**. Er leikskólinn nú á fimmta og síðasta ári. Ýmislegt af því sem við tókum nýtt inn í verkefnið hefur náð að festa sig í sessi og má þar nefna könnunaraðferðina og könnunarleikinn. En þessar tvær aðferðir stuðla báðar að ákveðinni hvöt til rannsóknarvinnu. Aðferð þessi byggir á að börnin leiða vinnuna áfram út frá eigin áhugasviði og er hlutverk kennarans að vera börnunum til aðstoðar, eins og hugmyndafræði Caroline Pratt lagði svo mikla áherslu á með einingakubbana. Jafnframt hefur þessi leið orðið til þess að foreldrar eru mun meiri þátttakendur í starfinu og meðvitaðri um starf barnsins í leikskólanum. Teljum við þessa leið í fullu samræmi við hugmyndafræði leikskólans þar sem framfarasinninn og heimspekingurinn John Dewey talar um að kenna.

Starfsmannahópurinn alls 23 starfsmenn fóru í námsferð í maí 2010 og kynntu sér framfaraskóla með áherslu á einingakubba Pratt. Ferðin var fræðandi og skemmtileg og er Álfasteinn þegar farinn að tileinka sér ákveðnar hugmyndir úr ferðinni.

barninu gagnrýna og skapandi hugsun í gegnum áhugasvið sitt. Listsköpun er einnig í hávegum höfð þar sem börnin læra sjálfstæð vinnubrögð og vinna út frá eigin áhugasviði.

Í vetur verður haldið áfram að þróa skipulagða hreyfingu og útikennslu.

Að síðustu má nefna að metnaður hefur verið lagður í að bjóða upp á hollt og gott mataræði þar sem stuðst er við viðmið

Lýðheilsustöðvar.

Ein af stoðum leikskólans er, að skapast hefur stöðugleiki í starfsmannahópnum sem myndað hefur samrýmdan kjarna starfsmanna sem kominn er með langa starfsreynslu og fer hópurinn ört stækkandi. Við höfum haft að leiðarljósi að jafna hlutfall kynjanna innan starfsmannahópsins sem og að tillit sé tekið til jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun skólans. Því miður hefur okkur ekki tekist að auka hlut karla í starfsmannahópnum enn sem komið er.

Í leikskólanum Álfasteinn er nú um 63,6 % fagmenntað starfsfólk sem vinnur við kennslu barnanna. Í vor útskrifast einn starfsmaður sem þroskaþjálfari og fer starfshlutfall fagfólks þá í 68%. Með stöðugu starfsmannahaldi hefur skapast metnaður, ábyrgð og eldmóður um að leiða forystustarf í leikskólanum. Kannanir sem gerðar hafa verið á vegum Hafnarfjarðarbæjar hafa sýnt að starfsfólk er ánægð í starfi einnig hefur komið fram í foreldraviðtölum almenn ánægja með starf leikskólans. Til að viðhalda metnaði í starfi er allt starfsfólk hvatt til símenntunar. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar og Kragans bjóða fagfólki sem og ófaglærðum upp á símenntunarnámskeið sem starfsfólk getur nýtt sér. Sex starfsmannafundir eru nú á fjárhagsáætlun þetta skólaárið og eru nýttir í símenntum. Til viðbótar hafa verið settir á fimm skipulagsdagar sem einnig eru nýttir í símenntun og deildafundi. Þar gefst rými fyrir samræður og skoðanaskipti. Teljum við slíkt nauðsynlegt til að viðhalda fagþróun og nýbreytni.

Hafnarfjörður 1. desember 2010.

Inga Líndal

Leikskólastjóri Álfasteini



Hlutverk Álfasteins



Hlutverk leikskólans er að búa börnum lærdómsumhverfi. Umhverfi sem er óháð andlegu og líkamlegu atgervi, með áherslu á gagnrýna og skapandi hugsun.

Einkunnarorð Álfasteins eru:

“Gaman saman,,



Stefnukort Álfasteins



Ferli

Skýr, virk og fagleg starfsáætlun

Gott upplýsingaflæði

Sjálfsmat leikskóla

Skilvirk starfsmannahandbók

Þverfaglegt samstarf

Þjónusta

Ánægðir foreldrar og nemendur

Hollusta

Forystuskóli í einingakubbum

Menntun við hæfi hvers og eins

SMT skólafærni

Fjármál

Markviss áætlanagerð

Nýtni

Reglulegt kostnaðareftirlit

Mannauður

Markviss símenntun

Ábyrgir, hæfir og ánægðir starfsmenn

Mannauður starfsmanna nýttur

Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna

Starfshvatning

Útlistun á stefnukorti Álfasteins

Þjónusta

Menntun við hæfi hvers og ein

- Námskrá og gögn séu sýnileg fyrir foreldra
- Nýta kennsluhætti könnunaraðferðarinnar á eldri deildum og námssvið skólanámskrár samþætt.
- Nýta kennsluhætti könnunarleikskins á yngri deildum
- Börn fái nám við hæfi
- Markviss skráningar á námi barnanna

Ánægðir nemendur og foreldrar

- Taka vel á mót barninu þegar það kemur í leikskólann og það kvatt í lok dags.
- Hlúa að sérstöðu hvers og eins.
- Góð samskipti við foreldra.
- Foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári.
- Foreldrar séu hreyknir af skóla barnsins þar sem fagmennska er í fyrirrúmi

Forystuskóli í einingakubbum

- Kubbastarf samþætt námssviðum skólanámskrár
- Stuðla að sjálfstæðum og skapandi einstaklingum
- Stærðfræðihugtök og vísindi
- Kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun.
- Spyrja börnin opinna spurninga

SMT skólafærni

- Efla samskiptafærni barna og barna og fullorðinna.
- Innlögn á reglum í SMT “svona gerum við”
- Hrós og hvatning nýtt til að fylgja eftir jákvæðri hegðun.

Hollusta

- Hollt og gott mataræði þar sem tekið er mið af manneldisráði. Sykri og salti er haldið í lágmarki og ekkert MSG.
- Brauð bakað á staðnum
- Ávextir 2 – 3 á dag
- Markviss hreyfing og útivera

Útlistun á stefnukorti Álfasteins

Ferli

Virk, skýr og fagleg starfsáætlun

- Aðgengileg og skýr áætlun
- Síðbreytileg áætlun sem ávallt er í þróun

Gott upplýsingaflæði

- Virk heimasíða sem uppfærð er lágmark 2x í viku
- Deildafréttir uppfærðar lágmark 1x í viku
- Boðleiðir innan og utan skólans séu skýrar

Þverfaglegt samstarf

- Samskipti starfsfólks byggi á jákvæðni og hjálpssemi.
- Deildir bjóði t.d. á sýningar
- Mannauður nýttur milli deilda
- Starfsmannafundir nýttir til skoðannaskipta um fagmál.

Skilvirk starfsmannahandbók

- Starfsmannahandbók sé í stöðugri þróun og yfirfarin af öllu starfsfólki haust hvert.
- Starfsmannahandbók sé á hverri deild
- Starfsmannahandbók nýtt á starfsmannafundum og deildarfundum til samræmingar og upprifjunar
- Nýráðnu starfsfólki gefinn tími til að lesa starfsmannahandbók

Fjármál

Markviss áætlanagerð

- Standast fjárhagsáætlun
- Greining frávika í fjárhagsáætlun

Nýtni

- Nýta stjórnendakerfi bæjarins til að fylgjast með fjárhagsstöðu skólans
- Vanda innkaup og nýta það sem til er í leikskólanum eftir bestu getu.

Reglulegt kostnaðareftirlit

- Fylgja greiðsludreifingu eftir

Útlistun á stefnukorti Álfasteins

Mannauður

Markviss símenntun

- Sýnileg símenntunaráætlun
- Öllu starfsfólki gefist tækifæri á símenntun
- Símenntun taki mið af þörfum leikskólans
- Leikskólinn stuðli að fræðsluerindi sem nýtist öllu starfsfólkinu einu sinni á ári

Ábyrgir, hæfir og ánægðir starfsmenn

- Skipulögð starfsmannaviðtöl tvisvar á ári,
- haust og vor
- Samvinna og samheldni í fyrirrúmi
- Sjálfstæð vinnubrögð og skapandi starf
- Spyrja opinna spurninga

Mannauður starfsmanna nýttur

- Virkja hæfileika hvers og eins svo hann fái notið sín í starfi
- Skapa gott starfsumhverfi svo leikskólinn sé eftirsóttur vinnustaður fyrir bæði kynin
- Tillit tekið til fjölskylduaðstæðna eins og kostur er

Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna

- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn
- Markviss nýliðaþjálfun
- Starfsmannahandbók sé skýr svo starfsfólk viti til hvers er ætlast af þeim
- Samtal við deildastjóra eða annan stjórnanda um túlkun á starfsmannahandsók

Starfshvatning

- Starfsfólk bjóði góðan daginn og kveðji í lok dags
- Skipulagðar uppákomur starfsfólks til að viðhalda menningu skólans og starfsanda
- Skólinn sé lifandi menntasamfélag þar sem mannauðurinn fær notið sín
- Starfsfólk fái hrós og stuðning í starfi

Verkefnaáætlun

			janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des
þjónusta		Foreldrasamtöl												
þjónusta		Foreldrafundir												
þjónusta		Foreldrafundur nýrra foreldra												
þjónusta		Viðhorfskönnun foreldra á starfi skólans												
þjónusta		Viðhorfskönnun starfsmanna												
þjónusta		Foreldrakaffi/ Aðventukaffi/Opið hús												
þjónusta		Viðhalda heimasíðu												
þjónusta		Samstarf milli skólastiga												
þjónusta		Heimsókn yngstu bekkir Hvaleyarskóla												
þjónusta		Fjölmenningavika												
þjónusta		Íþróttadagur												
þjónusta		Umferðavika og forvarnir												
þjónusta		Bjartir dagar												
þjónusta		Hljómpróf												
þjónusta		Einstaklingsnámskrágerð												
þjónusta		Samstarf við félagsþjónustu												
þjónusta		Starfsmannaviðtöl												
þjónusta		Gera starfsáætlun												
þjónusta		Gerð símenntunaráætlun												
Mannauður	Símenntun	Skipulagsdagur												
Mannauður	Símenntun	Brunavarnir / Slökkvilið												
Mannauður	Símenntun	Höfuðborgarsvæðisins												
Mannauður	Símenntun	Starffræði leikskóla/ kubbastarf												
Mannauður	Símenntun	Fyrirlestur fyrir nýtt starfsfólk um SMT												
Mannauður	Símenntun	Fyrirlestur um SMT												
Mannauður	Símenntun	Fyrirlestur fyrir nýtt starfsfólk um kubba												
Mannauður	Símenntun													
Mannauður	Símenntun													
Mannauður	Símenntun													
Mannauður	Símenntun	Símenntun starfsmanna á Skólaskrift Hfj												
Mannauður	Símenntun	Námsferð á Selfoss												
Mannauður	Símenntun	Endurbætur úti og innandyra												
Mannauður	Símenntun	Endurmat á skólastarfinu												
		Viðhalda starfsanda												
		Viðhalda upplýsingaflæði												

Mælikvarðar og viðmið

Mælikvarðar

	Meginmarkmið	Mælikvarði	Viðmið	Leiðir	Raun 2009	Raun 2010	Raun 2011	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014
Þjónusta	Ánægðir nemendur	Hlutfall ánægðra nemenda	95%	Viðhorfskönnun	95%	97%				
	Ánægðir foreldrar og forráðamenn	Hlutfall ánægðra foreldra	90%	Viðhorfskönnun	95%	98%				
Fjármál	Markviss áætlun og hagnýting fjármuna	Frávik frá fjárhagsáætlun	0,0	Reglulegt kostaðar eftirlit og greining í stjómendakerfinu	0,0	0,0				
Ferli	Skýr og fagleg starfsáætlun	Gæði starfsáætlunar	25 stig	Sí – og endurmat starfsáætl. og einkunn frá matsnefnd.	23 stig	25 stig				
	Starfsmannahandbók	Starfsfólk sátt við starfslýsingar	95%	Yfirfarin og samþykkt haust hvert	95 %	95%				
	Gott upplýsingaflæði	Virk heimasíða uppfærð að amk. tvisvar í viku	100%	Eftirfylgni	100 %	100%				
	Gott upplýsingaflæði	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með upplýsingagjöf	95%	Viðhorfskönnun	95 %	95%				
Mannauður	Ánægðir starfsmenn	Hlutfall ánægðra starfsmanna	95%	Starfsmanna-könnun	Var ekki könnun	Var ekki könnun				
	Ábyrgir og hæfir starfsmenn	starfsmannaviðtöl	100%	Eftirfylgni, stuðningur og hvatning	100 %	100%				
	Markviss símenntun	Hlutfall starfsmanna með virka símenntunar áætlun	100%	Eftirfylgni	100%	100%				
	Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna	Hlutfall ánægðra nýrra starfsmanna	95%	Starfsmannaviðtöl Viðhorfskönnun	100 %	100%				

Endurmat símenntunar 2009-2010

Vel hefur tekist til með símenntun í leikskólanum Álfasteini skólaárið 2009-2010. Flest af því sem áætlunin segir til um náðist að framfylgja. Fyrsti skipulagsdagur ársins var nýttur í slysavarnir barna í leikskólanum og sá Herdís Storgaard um þá fræðslu.

Álfasteinn er forystuskóli í „Einingakubbar til náms og þroska“. Í því sambandi vildum við kynna okkur starfshætti leikskóla sem vinna í anda John Deweys í New York. En þeir skólar hafa mikla reynslu af hugmyndafræði þeirri sem við vinnum eftir. Til að fá sem mest út úr slíkri námsferð voru 3 skipulags dagar nýttir. Til viðbótar var nýttur einn frídagur þannig að allir starfsmenn fengju 4 heimsóknir. Farið var í heimsókn í 7 leikskóla og útisvæði í Central Park skoðað. En margir af skólunum nýta það útileiksvæði þar sem ekkert annað útisvæði er við skólana. Þar sem fjöldi í skólaheimsóknirnar er ólíkur þurfti að raða starfsfólki niður í heimsóknir og hver starfsmaður fór í fjórar heimsóknir eins og áður segir. Þ.e.a.s. Ekki allir í sömu skólana.

Námsferð til New York skipaði stóran sess í sí og endurmenntun þetta skólaárið enda voru nýttir 3 samliggjandi skipulags dagar í ferðina. Tókst ferðin afar vel og margt að skoða. Eftir ferðina hefur starfsmannahópurinn verið að vinna úr hugmyndum og skoða leiðir í að gera stærðfræði sýnilegri í umhverfi leikskólans.

Leikskólinn fékk úthlutað úr símenntunarsjóði Hafnarfjarðar tæpum fjögurhundruð þúsund en umsóknin hljóðaði upp á

Helstu áherslur og markmið símenntunar 2010 - 2011

Samkvæmt gildandi kjarasamningum starfsfólks í leikskóla ber öllu starfsfólki að sinna símenntun. Símenntun gefur starfsfólki möguleika á að þróa sig í starfi með nýbreytni og auðgri hugmyndasköpun, um leið og símenntun gefur launaflokkahækkunar eftir ákveðinn tíma.

Símenntun leikskólans tekur mið af áherslum og hugmyndafræði leikskólans. Jafnframt möguleika á að kynnast nýjum hugmyndum og leiðum í skólastarfi sem gæti auðgað og bætt leikskólastarfið enn frekar.

Sú leið sem hefur reynst leikskólanum gjöfulust er að allt starfsfólk fái fyrirlestur eða námskeið samtímis. Þannig fær starfsmannahópurinn samskonar upplifum og skilning á því sem verið er að kynna og umræður skapast frekar um viðfangsefnið. Því verða skipulagsdagar á árinu 2011 nýttir fyrir allt starfsfólkið í formi fræðslu og skipulagningu á skólastarfinu.

Mannauður leikskólans hefur nýst leikskólanum vel undanfarin ár í formi símenntunar. Á tímum sparnaðar og niðurskurðar í samfélaginu verður enn frekar leitað í smiðju starfsmanna og mannauður þess nýttur í símenntun. Þó verður ekki hjá því komist að fagfólk sæki námskeið og ráðstefnur sem byggja á sérhæfingu þess. Einnig er mikilvægt að fylgja eftir öryggisstöðlum sem ber að vinna eftir eins og slysavörnum sem sinna á annað hvert ár.

Auk þess verður starfsfólk hvatt til að nýta þá símenntun sem stofnanir fræðsluviða í kraganum bjóða upp á.

Áframhald á helstu áherslur og markmið símenntunar 2010-2011

Leikskólinn Álfasteinn er einn af SMT skólum Hafnarfjarðar. Markmið er að allir deildastjórar hafi grunnmenntun. Samráðsfundur með SMT leikskólunum á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar verður með skipulögðum hætti í vetur eins og undanfarin ár. SMT teymi Skólaskrifstofunnar heldur utan um starf leikskólanna og leiðbeinir hverjum skóla eftir þörfum hvers og eins.

Álfasteinn hefur verið forystuskóli í einingakubbar til náms og þroska og er að byrja sitt fimmta og síðasta ár í því verkefni. Nú sem endranær verður farið yfir hugmyndafræði kubbanna og hvernig þeir samtvinna skólanámskrá Álfasteins. Verður fyrsti skipulagsdagur janúar 2011 nýttur til þess. Þetta árið verður lögð áhersla á útikubba og hugmyndafræðin rifjuð upp sem og smá stærðfræði með ungum börnum. Við erum mjög spennt að fylgjast með hvernig þetta nýja leikefni útikubbarnir koma til með að nýtast börnunum. Breytist leikurinn á útisvæði og verður meiri samvinna meðal barnanna í leik á útisvæði: Þetta eru spurningar sem við ætlum að rannsaka og fá svör við á árinu 2011.

Fagfundir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildastjóra eru á vegum skólaskrifstofu.

Símenntunaráætlun Álfasteins 2011

Símenntunaráætlun leikskólans Álfasteins haust 2010 og vor 2011							
Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil/dags.	Tímafjöldi	kostnaður	þátttakendur/ fjöldi	Abyrgð	Hvar
Að vinna skv. skólanámskrá	Að allir starfsmenn verði meðvitaðir, öruggir og faglegir.	2011	Umræða á starfsmanna fundur ½ - 1. klukkustund		Allt starfsfólk.	Inga	Álfasteinn
Starfsmannafundur og deildarfundir	Starfsmannafundur og deildarfundir nýttir til að endurmeta starfið jafnt og þett yfir veturinn	haut og vor 2011	2x6 mánuðir	yfirvinna	Allt starfsfólkið	Inga	Álfasteini
Fyrirlestrar um Einingakubba og Hola kubba fyrir nýtt starfsfólk	Umræða um hvernig leikskólinn vinnur eftir hugmyndafræði Deweys og Pratt og hvað má betur fara.	Skólaárið 2011 haust	3 tímar		Allt starfsfólk.	Inga	leiksk. Álfasteini
Fyrirlestur um stærðfræði í leikskóla. Jónína Vala Hí	Efla starfsfólk í mikilvægi stærðfræði með börnum út frá, námsumhverfinu, einingakubbum og frjálsum leik.	Skipulagsdag 17.nóv 2010	½ skipulagsdagur	30,000 sem tekið er af forystuskólaverkefni.	Allt starfsfólk	Inga	Álfasteini

Bátttakendur	Lýsing á simenntun	Markmið	Tímabil	tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Kostnaður sóttur í simenntunarsjóð	Ábyrgð
Allir starfsmenn	Starfsmannafundir	Til upplýsinga og fræðslu	6 skipti	2x6	0	0		Inga og Steina
Allt starfsfólkið	skipulagsdagur 28. september 2010	Blátt áfram í Haukahúsi. Umræða í leikskólanum og framkvæmdaáætlun yfirfarin		0 4 klst.	0	0		Inga , Steina
Allt atarfsfólkið	Skipulagsdagur 17. nóvember 2010	Réttindi og skyldur í Haukahúsi. Unnið áfa í leikskólanum		0 4 klst.		0		Inga Og Steina
Allt starfsfólkið	Skipulagsdagur 17. nóvember 2010	Fyrirlestur um stærðfræði með yngstu börnunum. Jónína Vala frá Kí	1 skipti	2klst	30	0		Inga leikskólastjóri og Steina aðstoðarleikskólastjóri. Sjá skýrslu forystuskóla Álfasteins skólaárið 2008-2009 um starfsáætlun næsta skólaár 2009-2010.
Allt starfsfólkið	skipulagsdagur 3. jan 2011	Kubba fyrirlestur fyrir allt starfsfólk og deildarfundur	1 dagur	8 klst				Inga Línadal
Allt starfsfólk	skipulagsdagur 25. febr 2011	Verkefnisfundur fyrirlesara fyrir starfsfólk um starfsgleði og liðsheild. Sigurjón	1/2 dag	4 klst	80000-12.000			Inga Línadal
Allt starfsfólkið	skipulagsdagur 25. febrúar 2011	starfsmannafundur og skipulag vorannar	1 dagur	4 klst				Inga línadal
allt starfsfólk	skipuulagsdagur 23, maí 2011	endurmat á skólaárinu 2010-2011		8 klst				Inga línadal
Aðst- leikskólastj	Samráðsfundur	Að efla þverfaglegt samráð og efla liðsheild í Leikskólaum Hafnarfjarðar		vor og haust	0	0		G. Steina Aðstoðarleikskólastjóri
Sérkennslustjóri	Samráðsfundur	Að efla þverfaglegt samráð og efla liðsheild í Leikskólaum Hafnarfjarðar		vor og haust	0	0		Jónína sérkennslustj
Verkefnisstjóri forystuskólans Álfasteins	samráðsfundir	fara yfir verkefnastjórnun, gagnaðflun, mat og skýrslugerð ásamt samráði skólanna.	2,5 tímar	vor og haust	0	0		Anna Auðuns og Inga Línadal
Anna Auðuns	PMT grunnnámskeið	Að öðlast betri færni	haust/vor	8x11	0			Anna Auðuns og Inga Línadal
Matráður	Samráðsfundir	Að öðlast betri færni	haust/vor	1x8	0			valgerður Árnadóttir
Allt starfsfólk	Ólíknámskeið sem henta fagfólki og eða ófaglærðum á vegum skólaskrifstofu og menntastofnana kragans.	Efla fagvitund starfsmanna	haust/vor	á ekki við	0	0		Inga Línadal og þeir sem fara á námskeið hverju sinni.
leikskólastjóri	Sigurjón Þórðarson með námskeið "Kraftmikil stjórnun skapa verðmæti"	Efla stjórnendur í starfi og sjá möguleika á auknum gæðum.	2 skipti	2 dagar			Greitt af stéttarfélagi	Inga Línadal

Endurmat á skólaárinu

Á síðastliðnu ári fór leikskólinn ekki varhluta af kreppunni frekar en aðrar stofnanir bæjarins. Niðurskurðurinn á yfirvinnu og skortur á fjármagni til skólans hefur haft mjög mikil áhrif á allt endurmat nú á ár. Árangursstjórnunin hefur einnig byggt á viðhorfskönnunum og könnunum sem skólinn hefur séð um. Slíkt er ekki möguleiki nú vegna niðurskurðar. Sí og endurmenntun hefur einnig verið skopin niður og ber þess merki í formi færri starfsmannafunda þar sem símat á sér stað innan skólans og almenn samræða starfsmanna hefur verið nýtt í mat á skólastarfi. Jafnframt voru fagfundir lagðir af, en á þeim fundum var einnig unnið að símati á skólastarfinu sem og fagleg samræða, ásamt forystuskólaverkefni leikskólans. Það má því með sanni segja að öll samræða hafi minnkað.

Námsferð sem farin var til New York var árangursrík þar sem starfsmannahópurinn var samstiltur um að leggja mikið á sig til að komast í slíka ferð. Nýttur var símenntunarkót leikskólans til ferðarinnar sem var um 350,000 ásamt styrkjum úr starfsmannafélögum. Það sem það dugði ekki til varð starfsmannahópurinn varða að safna sjálfur rest þar sem ferðin var mjög dýr. Með samstilltu átaki tókst það og starfsandinn jókst. Margar hugmyndir hafa verið nýttar til endurbóta í leikskólanum.


Í júní var gerð viðhorfskönnun meðal starfsfólks Hafnarfjarðar af meistaranema Hjördísi Sigursteinsdóttur sem kannaði líðan, heilsu og starfstengd viðhorf. Hver stofnun fékk síðan niðurstöður könnunarinnar en því miður var takmarkað hægt að nýta könnunina þar sem svarhlutfall starfsmanna var innan við 50%.

Ár hvert er einn skipulagsdagur nýttur í endurmat á skólastarfi. Að þessu sinni var enginn slíkur dagur þar sem skipulagsdagar voru nýtti í námsferðin sem farin var í maí. Í staðin voru starfsmanna fundir nýttir í endurmat þetta árið. Endurmat þetta árið var í formi SVOT kerfis, þar sem skoðaðir eru kostir gallar, tækifæri og ógnanir/hindranir. Þessi leið gafst vel þar sem hver starfsmaður svaraði fyrst fyrir sig og síðan báru starfsmenn á sömu deild sama bækur sínar og allir þurftu að tjá sig um sínar hugleiðingar. Þetta var einnig til þess að starfsfólk þurfti að finna leiðir til að bæta starfið og þær hugmyndir ræddar í starfsmannahópnum. Í lokin var gerð ein endanleg áætlun sem allur skólinn fylgir eftir. Má þar nefna að allar deildir samþykktu að tvískipta útveru þannig að öll börnin fengju meira rými inni sem úti.


Tveir elstu árgangar leikskólans tóku þátt í mati á valsvæðum leikskólans þar sem við vildum sjá hvaða svæði væru vinsælust að þeirra mati og hvaða svæði þyrfti að bæta. Í framhaldi var ákveðið að bjóða börnunum að vera með í að velja hvaða svæði væru í boði hverju sinni.

Starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn. Eitt fyrir áramót og eitt á vorönn. Þau viðtöl eru nýtt í símat sem og upplýsingar um sí og endurmenntun.

Rýmingaráætlun Álfasteins



Viðbragðsáætlun ef slys verða á Álfasteini



Áætlun um foreldrasamstarf

